

Föstudaginn 26. nóvember 1993.

Nr. 474/1993. **Rannsóknarlögregla ríkisins**

gegn

Guðbjarti Rögnvaldssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. nóvember 1993, sem barst Hæstarétti 23. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Loks er krafist kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Sóknaraðili hefur lagt fyrir Hæstarétt afrit ákæruskjals ríkissak-sóknara, sem dagsett er 23. nóvember 1993, þar sem opinbert mál er höfðað á hendur ákærða fyrir fjölda innbrota og þjófnaða auk skjalafals á tímabilinu frá 3. ágúst til 3. nóvember 1993.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1993.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur lagt fram kröfu þess efnis, að Guð-bjarti Rögnvaldssyni, kt. 270851-4529, með lögheimili að Laugavegi 28 C, Reykjavík, verði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi til fimmtudagsins 30. desember 1993 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. og 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940. Hefur krafan verið rökstudd með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Kærði var úrskurðaður 4. nóvember sl. til að sæta gæsluvarðhaldi til kl. 16.00 í dag.

Hjá RLR fer nú fram rannsókn tveggja mála, þar sem kærði er sakaður um innbrot og þjófnað. Kærði hefur játað að eiga aðild að meginhluta þessara brota. Þá hafa ríkissaksóknara verið send til meðferðar 22 mál á hendur kærða. Er ljóst, að kærði hefur á stuttum tíma átt aðild að allmörgum afbrotum. Þau brot, sem kærði hefur játað aðild sína að, geta varðað hann fangelsi samkv. alm. hgl. Þykir liggja fyrir rökstuddur grunur um brot kærða gegn 244. gr. og 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Deildarlögfræðingur RLR hefur upplýst, að ríkissaksóknari muni gefa út ákæru á hendur kærða vegna þessara brota m. a. mánudaginn 22. nóvember 1993.

Af hálfu kærða hefur fram kominni gæsluvarðhaldskröfu verið mótmælt, og vísar verjandi kærða til þess, að úrskurður héraðsdóms frá 4. nóvember sl., þar sem fallist var á gæsluvarðhaldskröfu RLR, en gæsluvarðhaldstími stytur frá því, sem krafist var, hafi res judicata áhrif á gæsluvarðhaldskröfu þá, sem nú er til meðferðar. Ekki verður fallist á það með verjanda kærða, að þessi sjónarmið eigi við um þessa kröfu.

Með hliðsjón af ofangreindu og sakaferli kærða þykir hætta á, að kærði muni halda áfram brotum, fari hann frjáls ferða sinna, á meðan málum hans er ólokið. Ber því með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að fallast á kröfu RLR um, að kærði sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til fimmtudagsins 30. desember 1993 kl. 16.00.

Arnfríður Einarsdóttir fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Guðbjartur Rögnvaldsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til fimmtudagsins 30. desember nk. kl. 16.00.